



Akureyri 7. febrúar 2023.

Sviðsstjóri skipulagssviðs Akureyrarbæjar
c/o Pétur Ingi Haraldsson
Geilsagötu 9
600 Akureyri.

Varðar: Tímabundið bann við að leggja bílum við vesturkant Kaldbaksgötu milli Gránufélagsgötu og Strandgötu annarsvegar og austurkant Laufásögötu milli Strandgötu og Gránufélagsgötu hinsvegar. Einnig umferðarstýringu á Strandgötu austan Hjalteyrargötu.

Ljóst er að töluverður fjöldi skemmtiferðaskipa mun heimsækja Akureyri sumarið 2023. Ef allar þær bókanir skila sér munu flest skipanna leggjast að Oddeyrarbyggju og Tangabryggju, en aðkoman að Oddeyrarbyggju er fyrst og fremst um Strandgötu, en einnig um Laufásögötu og eftir atvikum Kaldbaksgötu. Hafnaryfirvöld hafa eftir megni reynt að tryggja árekstarlaus samskipti þjónustufyrirtækja á svæðinu og jafnframt að farþegar skemmtiferðaskipa verði fyrir sem minnsta áreiti og hefur það gengið vel undanfarin ár.

Eins og undangengin ár óskar því Hafnasamlag Norðurlands bs. eftir að bannað verði að leggja ökutækjum við vestanverða Kaldbaksgötu milli Gránufélagsgötu og Strandgötu annars vegar og austurkant Laufásögötu milli Strandgötu og Gránufélagsgötu hinsvegar allan sólarhringinn frá 1. maí 2023 til og með 25. september 2023.

Í öðru lagi er óskað eftir að heimiluð verði umferðarstýring á Strandgötu austan Hjalteyrargötu þegar stærri skemmtiferðaskip leggjast við Oddeyrarbyggju og umferð fólksflutningabifreiða er mikil. Er þetta gert í öryggisskyni og yfirleitt ekki lengur en í 1-2 klst. í senn. Reynslan af þessu síðustu ár hefur verið mjög góð.

Með vinsemd og virðingu.

f.h. Hafnasamlags Norðurlands bs.

Pétur Ólafsson hafnarstjóri